

Vífilstaðavegur um Gálgahraun

Fyrirhugaður Vífilstaðavegur mun að hluta til liggja í áður ósnortnu nútímahrauni og mætir væntanlegum Álftanesvegi, sem einnig mun að hluta liggja um hraunið, í hringtorgi í hrauninu. Hraun þetta nefnist ýmist bara Gálgahraun eða því er skipt í tvö nöfn, Garðahraun og Gálgahraun þar sem hið fyrrnefnda er suðausturhluti þess en hið síðarnefnda er nyrðri og vestari hlutinn. Hraunið er hluti af Búrfellshrauni og er sú tunga þess sem teygir sig lengst frá upptökunum, gígnum Búrfelli, í NV-átt. Hraun þetta hefur verið aldursgreint um 7200 ára (Jón Jónsson, 1994).

Hraunið er víða mjög úfið og flokkast að mestu til apalhrauna en annars staðar er það sléttara og mætti kallast helluhraun. Ýmsar myndanir koma fram í úfna hlutanum þar sem djúpar hrauntraðir, niðurföll og upplyftir sprungnir hólur skiptast á. Bergtegundin er ólivínþóleiit og er slík bergbráð að jafnaði mjög þunnfljótandi. Þunnfljótandi basalhraun sem þetta geta, runnið að miklu leyti í lokuðum rásum undir yfirborði og skilið eftir sig hella en seinna getur þak þeirra hrunið og myndast þá dældir, rásir og niðurföll. Í hraunrennsli sem þessu kólna jaðrarnir mun hraðar, þar hægist á rennslinu, veggir hlaðast upp og renna myndast sem hraunið streymir eftir. Í Gálgahrauni eru margar opnar rennur eða hrauntraðir.

Halli lands þarna er lítill og því hefur straumhraði hraunsins verið farinn að minnka verulega. Einnig hefur bergbráðin trúlega afgangast nokkuð komin þetta langt frá upptökunum en afgösun hægir verulega á rennslinu og leiðir til úfnara yfirborðs. Sennilega hafa margir straumar verið í gangi en á milli þeirra hefur lítið hreyfst og hraunljarnir eða storknaðir barmar myndast. Upplyftir sprungnir hólur eru afleiðing afgösunar þegar rennslið er nánast hætt yfirborðið orðið nokkuð storkið og gasið brýtur sér leið upp um það. Í tengslum við þetta og storkið yfirborð almennt myndast stundum svokallað flekahraun þar sem storknaði hlutinn brotnar upp í fleka við óreglulegt rennsli og straumamót undir niðri og yfirborðið ýfist upp. Flekahraun er því eins konar millistig milli hellu- og apalhrauna en slíkt má sjá í Gálgahrauni á mörgum stöðum.

Af dýpt rása, niðurfalla og gjóta og hæð hóla má sjá að hraunið er nokkuð þykkt. Jón Jónsson (1994) telur að almennt sé Búrfellshraun um 18-22 m þykkt út frá borunum gegnum það, en þykktin á Gálgahrauni er orðin eitthvað minni, e.t.v. 5-10 m. Þar sem yfirborðið er úfnast og hraunið hefur oltið hægt áfram í þungum straumum, gæti þykktin hæglega verið talsvert meiri en í sléttustu, helluhraunsflákunum er þykktin trúlega ekki flarri þessu bili.

Laus jarðvegur hefur lítið náð að safnast fyrir í hrauninu en þó er það nokkuð gróið og líklega fær ýmis konar gróður fint skjól í því. Eldfjallagjóska er fyrirferðamikil jarðvegsmyndun á þessum slóðum (Jón Jónsson, 1994).

Í fyrirhuguðu vegstæði Vífilstaðavegar í Gálgahrauni eru hvergi sjáanlegar jarðmyndanir sem eiga engan sinn líka annars staðar í hrauninu eða öðrum hraunum. Hins vegar er sjaldgæft að finna svona svipmikil hraun við bæjardynnar eða inni í stórum þéttbýlum.

Fyrirhuguð veglína mun að miklu leyti liggja í nokkuð sléttu hrauni en stundum verða úfin og stórskorin höft og kaflar í veginum. Helgunarsvæði vegarins er þó að öllum líkindum það breitt að þrátt fyrir að miðlína hans sé á nokkuð sléttu svæði ná jaðrar hans gjarnan út í úfnara og svipmeira hraun. Suðvesturhluti vegarins í hrauninu lendir þó á nokkuð úfnu og stórbrotnu svæði og hugsanlega mætti þar færa veglínuna eilítið til austurs, inn á sléttari fláka sem gengur til suðurs í hrauninu. Ýmsir ókostir fylgja þessu þó, til dæmis yrðu þá fyrirbæri austan vegarins frekar fyrir barðinu á honum eins og myndarleg sigdæld samfallinnar hraunrásar og fleira. Þau fyrirbæri eru þó smávægilegri í flesta staði en þau sem eru vestan slétta flákans og að því leyti yrði ávinningur væntanlega meiri en tap. Þessu fylgdu líka ef til vill hættulegir og óásættanlegir hlykkir í veginum en það þarf að skoðast. Hugsanlega fylgdu þessu líka árekstrar við húseigendur syðst í hrauninu.

Hringtorg sem yrði á mótum Vífilstaðavegar og leiðartillögu A fyrir Álftanesveg lendir á sléttum og heppilegum stað og hringtorg á mótum leiðartillögu B er heldur ekki á slæmum stað þó að áðurnefnd færsla myndi trúlega bæta þá staðsetningu frekar.

Ef litið er á Gálgahraun í heild einkum hin svipmestu svæði þess, má flokka það sem mjög sérstaka jarðmyndun, sérstaklega með tilliti til nálægðar við byggð. Að öðru leyti er ekki um jarðfræðilega sérstöðu að ræða öllu heldur fagurfræðilega. Við fagurfræðilegt mat á slíku hrauni virðast verðmæti aukast með vaxandi óreglu og stórbrotnu yfirborði.

Ef til umræðu kemur að færa veglínuna verður að gera sér ljóst hvaða fórn er ásættanlegust og að vanda þurfi gríðarlega mat á náttúrufræðilegum og fagurfræðilegum verðmætum hraunsins.

Reykjavík, ágúst 2000
Atli Karl Ingimarsson
Hönnun hf.